

## UMHVERFIS- OG SAMGÖNGUSTEFNA

VSÓ Ráðgjöf leggur áherslu á að í allri starfsemi fyrirtækisins sé góð umgengni við umhverfið og hugmyndafræði um sjálfbæra þróun höfð að leiðarljósi.

Fyrirtækið hefur komið upp umhverfisstjórnunarkerfi sem uppfyllir kröfur ÍST ISO 14001, lög og reglur sem gilda um starfsemina og er í samræmi við viðteknar venjur í starfsgreininni. VSÓ hefur skilgreint umhverfisstefnu sem hæfir tilgangi fyrirtækisins sem ráðgjafafyrirtæki.

Framkvæmdastjóri VSÓ sér til þess að allir starfsmenn þekki og skilji umhverfisstefnuna og hafi hana að leiðarljósi í sínu starfi. Framkvæmdastjóri, sviðsstjórar og verkefnisstjórar bera ábyrgð á að umhverfisstefnunni sé framfylgt á því sviði sem þeir hafa umsjón með.

### Stefna VSÓ Ráðgjafar er að:

- Vera leiðandi á markaði í ráðgjöf í umhverfisstjórnun og umhverfismálum í víðum skilningi og þannig stuðla að betra umhverfi.
- Setja sér mælanleg markmið í umhverfismálum og stefna á að gera sífellt betur.
- Stuðla að minni hráefnis- og orkunotkun innan fyrirtækisins og auka hlut endurvinnslu þar sem það er mögulegt.
- Vera meðvitað um breytingar á stjórnvaldskröfum og fylgja þeim að öllu leyti eftir ásamt öðrum kröfum sem fyrirtækið hefur einsett sér að fylgja.
- Þjálfa starfsfólk og hvetja til þess að vinna að og hafa umhverfismál í huga við öll störf.
- Setja sér raunhæf markmið í samgöngumálum sem draga úr áhrifum bílaumferðar á umhverfið.